

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 22. nóvember 2017
Mnr. 2017100072



ÍSAFJARÐARBÆR

Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar

Á fundi bæjarráðs 13. nóvember voru lögð fram drög að endurskoðuðum samstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar. Á fundinum var bókað „*Bæjarráð samþykkir að haldinn verði vinnufundur bæjarfulltrúa um samstarfssamning HSV og Ísafjarðarbæjar áður en tillaga um endurskoðun samstarfssamningsins verði tekin fyrir bæjarstjórn.*“

Vinnufundur var haldinn 20. nóvember í fundarsal bæjarstjórnar þar sem farið var yfir samningsdrögin með framkvæmdarstjóra og varaformanni HSV. Niðurstaða fundarins var að í samstarfssamningnum yrði gerð breyting á 13. grein á þann veg að HSV væri veittur styrkur í formi afnota af fimm íbúðum í stað átta. Jafnframt var samþykkt að HSV skilaði þeim þremur íbúðum sem það hefur í dag til umráða umfram samning í nokkrum skrefum. Einni íbúð verði skilað 1. júní 2018, annarri 1. október 2018 og þeirri þriðju 1. júní 2019.

MH